

Deilur um Tónlistarskólann á Akureyri:

Bæjarstjórn þarf að skera á hnútinn

Málefni Tónlistarskólans á Akureyri hafa verið mikið til umræðu undanfarnar vikur og mánuði. Þar hefur ríkt verulegur ágreiningur sem í sumar leiddi til þess að einn af föstum kennurum skólans, Örn Viðar Erlendsson, tók hátt sinn og staf, hætti og stofnaði nýjan skóla, Hljómskólann. Í haust var skólastjóra Tónlistarskólans, Roar Kvam, vikið fyrirvaralaust frá störfum en þá var ekki liðið hálft ár frá því hann var skipaður í embættið. Það nýjasta í málinu er svo að Roar hefur fylgt fordæmi Arnar Viðars og stofnað þriðja tónlistarskólann í bænum, Tónmenntaskólann á Akureyri.

Ekki er að furða þótt bæjarbúar hafi margir hverjir tapað áttum í því hvað er að gerast meðal tónlistarmanna í bænum. Hvert á ég að senda barnið mitt í tónlistarnám? er algeng spurning hjá mörgum þessa dagana. Þeirri spurningu verður ekki svarað hér, en reynt að varpa ljósi á það sem hefur gerst og spá á framtíð ef hægt er.

Ágreiningur um Roar

Segja má að þessi lota sem nú stendur hafi þyrjað árið 1989 þegar Jón Hlöðver Áskelsson tók sér leyfi frá störfum af heilsufarsástæðum. Þá var Kristinn Örn Kristinsson skipaður skólastjóri veturinn 1989-90. Hann flutti síðan úr bænum og Roar Kvam tók við starfi skólastjóra en Margrét Bóasdóttir varð yfirkennari. Samstarf þeirra mun hafa gengið heldur stíðlega. Þegar kom fram á vor 1991 sagði Jón Hlöðver starfi sínu lausu og er staða skólastjóra þá auglýst. Um hana bárust þrjár umsóknir, ein frá manni sem var að ljúka námi í Bandaríkjunum, önnur frá manni með töluverða reynslu og amk. hluta af doktorsnámi í tónlistarkennslu og sú þriðja frá Roar Kvam.

Skólanefndin ákvað að ráða

Roar til starfans. Þarna vilja margir meina að gerð hafi verið mistök, það hefði verið affarsælla að ráða utanaðkomandi mann því hann væri líklegri til að leysa úr þeim ágreiningsefnum sem farið var að bera á meðal kennara skólans.

Það stóð heldur ekki á viðbrögðunum. Örn Viðar Erlendsson kennari við skólann sagði upp og lýsti því yfir að hann gæti ekki starfað með skólastjóra. Hófst hann þegar handa við að stofna nýjan skóla, Hljómskólann, sem nú er með rúmlega 70 nemendum. Eitthvað var um uppsagnir í kennaraliðinu þótt skólastjóri neitaði að það tengdist ráðningu hans.

Að aliðnu hausti gerðist það svo að Roar Kvam var vikið frá störfum og yfirkennarinn, Michael Jón Clarke, tók við starfi skólastjóra fram til vors. Ástæður uppsagnarinnar verða ekki trúndar hér en þær tengjast ekki þeim átökum sem verið hafa í gangi. Nema hvað Roar Kvam boðar svo nú um áramótin að hann sé búinn að stofna nýjan tónlistarskóla. Stendur innritun þar yfir og lætur Roar vel af henni.

Styrkir bærinn nýju skólana?

Nú vaknar sú spurning hjá mörgum hvort Akureyri standi undir þremur tónlistarskólum. Fæstir telja að svo sé, en þó er ekki loka fyrir það skotið að Tónlistarskólinn fullnægi ekki öllum þörfum bæjarbúa fyrir tónlistarnám og því sé hægt að bjóða upp á sérhæft nám á einstök hljóðfæri. Hljómskólinn fór þá leiðina að sérhæfa sig í kennslu á gítar og hljómborð en Roar Kvam segist ætla að halda uppi alhliða kennslu og að skóli hans verði ekki ýkja frábrugðinn Tónlistarskólanum hvað námsframboð snertir. Auk þess sé ætlunin að halda svonefnd Suzuki-námskeið á fíðlu fyrir ung börn og bjóða upp á kennslu eftir bandarískri

fyrirmynd sem miðuð er við þarfir popphljómsveita.

Ekki er hægt að segja að mikið verðstríð sé í gangi því algengustu skólagjöldin eru þau sömu í báðum skólum, 17.000 krónur fyrir önnina sem er um 2.000 krónum herra en í Tónlistarskólanum. Roar Kvam býður hins vegar upp á kennslu í nýju hverfunum, Lundarhverfi og Síðu-hverfi, og einnig upp á forskólanám fyrir börn niður að þriggja ára aldri fyrir aðeins 6.000 krónur yfir önnina.

En hvort dæmið gengur upp hjá einkaskólunum með þessum skólagjöldum er svo annað mál. Örn Viðar hefur þegar sótt um styrk til bæjarins og Roar Kvam segir að skóli hans muni nýta sér þau lagaákvæði sem heimila tónlistarskólum að leggja inn greinargerð um reksturinn og sækja um styrk til bæjarins. Að sögn Halldórs Jónssonar bæjarstjóra hefur umsókn Hljómskólans ekki enn hlotið afgreiðslu, hún bíði eins og aðrar óskir afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Sú áætlun kemur til fyrri umræðu í bæjarstjórn á þriðjudaginn en þá á eftir að ákveða hvernig styrkbeiðnum verður svarað. Svo Örn Viðar verður að bíða fram að annarri umræðu eftir svari.

Tónlistarskólinn í endurskoðun

Það stendur svo upp á bæjaryfirvöld að taka afstöðu til þess hvaða stefnu þau vilja taka í málefnum Tónlistarskólans. Bærinn hefur alla tíð stutt við skólann og tók alveg við rekstri hans þegar breytingar voru gerðar á verkaskiptingum ríkis og sveitarfélaga í ársbyrjun 1990. Engin teikn eru á lofti um það að ætlunin sé að láta af þeim stuðningi, en bæjarstjórn þarf að taka afstöðu til þess hvort hún vill styðja fleiri skóla með fjárframlögum.

Bæjarstjórn þarf líka að taka af skarið í málefnum Tónlistarskólans og höggva á þann hnút sem verið hefur á stjórnun hans.

Fyrsta skrefið í þá átt var raunar stigið á bæjarráðsfundi í fyrradag þegar ákveðið var að ráða Gunnar Frimannsson kennara og fyrverandi konrektor MA sem rekstrarstjóra skólans fram til vors. Hann á að annast um fjárreiður og starfsmannahald skólans, en helsta hlutverk hans verður að fara í saumana á rekstrinum og gera tillögur til skólanefndar og bæjaryfirvalda um framtíðarskipan mála í skólanum. Þótt staða rekstrarstjóra sé tímabundin gæti svo farið að hún yrði sett á til frambúðar því það hefur víða reynst vel að aðskilja faglega og rekstrarlega forystu fyrir stofnunum.

Örn Viðar á heimleið?

Meðan á þessari endurskoðun stendur bera aðstandendur skólans sig eftir aðstaðum vel. Michael Jón Clarke settur skólastjóri sagðist enga ástæðu hafa til að vera óánægður nú í upphafi nýrrar annar þótt samkeppnin hefði harðnað. „Það héldu margir að nemendum myndi fækka hjá okkur og jafnvel einnig kennurum en sú hefur ekki orðið raunin. Það verða alltaf breytingar á annaskiptum en við höldum okkar striki. Og þótt við fögnum ekki opinberlega fjölgun skólanna er engin ástæða til að vera óánægður með það að fjölbreytnin aukist,“ sagði Michael Jón.

Valgerður Hrólfssdóttir formaður skólanefndar tók í sama streng og sagði að margt jákvætt væri að gerast í Tónlistarskólanum. Þar væri unnið að stefnumótun og auk þess væru ýmis námskeið fyrir kennara í bígerð.

Svo gæti farið að Hljómskólinn, sem farið hefur ágætlega af stað, yrði samt ekki mjög langlífur. Að sögn Arnar Viðars er reksturinn erfiður og brýn nauðsyn að skólinn fái styrk frá bænum ef dæmið eigi að ganga upp. Hann hefur sótt um það til skólanefndar Tónlistarskólans að nemendur hans fái að sækja tíma

í svonefndum kjarnagreinum, þ.e. tónheyrn, tónlistarsögu, tónfræði ofl., í Tónlistarskólanum og tók skólanefnd jákvætt í þá beiðni á fundi sínum á fimmtudaginn.

En er hann á leiðinni „heim“, nú eftir að Roar Kvam er hættur? „Við erum alltaf tilbúin að skoða okkar mál. Ég hef boðist til að koma aftur með einleikaradeildina sem ég stofnaði við Tónlistarskólann. Vandinn er hins vegar gítardeildin sem telur um 50 nemendur. Ég get ekki skikkað þá til að fylgja mér aftur yfir í Tónlistarskólann, margir þeirra hafa ekki viljað stunda nám þar. En sjálfum finnst mér ég eiga heima í Tónlistarskólanum og ég veit að við í Hljómskólanum getum einfaldlega ekki boðið upp á jafnmikið og þar er í boði,“ segir Örn Viðar.

Hvað verður um D-sveitina?

Það gæti því allt eins farið svo að tónlistarskólunum fækki aftur í vor. Um framtíð Tónmenntaskólans verður ekkert sagt á þessari stundu. Og sömu sögu er að segja af tveimur hljómsveitum sem Roar Kvam hefur stjórnað undanfarin ár. Önnur þeirra er svo nefnd D-sveit, blásarasveit Tónlistarskólans, sem Roar stofnaði og hefur stýrt til mikils frama. Óljóst er hvort liðsmenn hennar sem verið hafa í námi í Tónlistarskólanum fylgi stjórnanda sínum á nýjar slóðir.

Hin sveitin er Kammersveit Tónlistarskólans á Akureyri en tónleikum hennar sem vera áttu 1. desember sl. undir stjórn Roars var frestað og allt útlit er fyrir að sömu örlög bíði tónleika sem fyrirhugaðir eru um páska-ana.

En þótt staðan í tónlistarskólum Akureyrar sé nokkuð ruglingsleg í augnablikinu eru línur teknar að skýrast. Sennilega verða þær þó ekki orðnar hreinar fyrir en í fyrsta lagi í sum- ar eða næsta haust. -PH

Eðlilegur ágreiningur getur verið til góðs

– en í persónulegum átökum glatast öll góð áform, segir Jón Hlöðver Áskelsson fyrrum skólastjóri

Tónlistarskólinn á Akureyri er rótgróin stofnun sem nýtur virðingar í röðum íslensks tónlistarfólks. Hann hefur starfað í hartnær hálfa öld og var um skeið stærsti tónlistarskóli landsins og sá sem bauð nemendum sínum upp á mesta fjölbreytni. Einn þeirra sem stuðluðu að þessari velgengni var Jón Hlöðver Áskelsson sem var skólastjóri frá 1974 þar til hann varð að láta af störfum af heilsufarsástæðum árið 1989. Hvernig horfa málefni skólans við honum?

„Uppbygging skólans hefur verið samfelld frá stofnun árið 1946 og það hefur verið stefna bæjarstjórnar að standa vel að baki honum. Enda hefur skólinn notið sívaxandi skilnings bæjarbúa og yfirvalda. Það stenst enginn skóli án góðra kennara og það er hluti af árangri skólans að hann hefur notið krafta slíks fólks.

Þegar það gerist svo að fylkingar ríðast í kennaraliði skólans kemur í ljós að grundvöllurinn er ekki eins traustur og

menn héldu. Ég vil í sjálfu sér ekki leggja neinn dóm á ástandið sem nú ríkir, en það er ljóst að árangur okkar í tónlistarstarfi er háður því að fólk geti unnið saman. Þetta er sérstaklega mikilvægt í bæjarfélagi af stærð Akureyrar þar sem aðstaður tónlistarfólks eru þannig að eina fasta starfið sem hægt er að reida sig á er kennsla. Ef samlyndi kennara er gott eru þetta bestu aðstaður sem hugsast getur til að ná árangri í tónlistarmálum. En ef brestir koma í samstarfið verður þessi eini vinnustaður tónlistarfólks óhjákvæmilega vettvangur átaka. Í Reykjavík er algengt að tónlistarfólk starfi sem hljóðfæraleikarar meðfram kennslu og sé jafnvel í stunda-kennslu við marga skóla. Þar er samstarfið ekki eins náð og menn geta bara hætt ef upp úr sýður. Það gengur ekki hér.

Það hafa alltaf verið skiptar skoðanir um aðferðir í Tónlistarskólanum á Akureyri. Það er eðlilegur ágreiningur í stofnun þar sem kennararnir koma úr ýmsum áttum, misjöfnu umhverfi og mörgum löndum. Oft-

astnær er það jákvætt fyrir skólann að fá nýjar hugmyndir og mismunandi áherslur, það tryggir ákveðna gerjun. En þegar upp koma persónuleg átök glatast öll góðu áformin og hugmyndirnar verða að engu í hita leiksins.“

Nauðsynlegt að samræma kröfurnar

– Nú fer skólunum fjölgandi, hvaða afstöðu á bæjarstjórn að taka til þessarar þróunar?

„Hún á að hafa það að leiðarljósi að bæta tónlistarkennsluna og auka fjölbreytni hennar í bænum. Hún verður að setja ákveðin skilyrði sem tryggja að hér spretti ekki upp 10 skólar. Eitt þeirra skilyrða á að vera að öll tónlistarkennsla standist faglegt mat menntamálaráðuneytisins. Best væri ef allt nám sem byggir á sömu námstilhögun lyti sömu faglegu stjórn. Það verður að samræma kröfurnar til námsins og tryggja að það sé í góðum tengslum við skólakerfið, bæði grunnskólann og framhaldsskólann. Nemendur mega ekki

eiga á hættu að lenda í blindgötu í náminu.

Ef hins vegar er verið að bjóða upp á nýjungar í einkaskólum, kennslu á sérstæð hljóðfæri eða eitthvað þess háttar sem ekki er í boði í Tónlistarskólanum er athugandi að styrkja þá. Ég ber fullt traust til forsvarsmanna beggja nýju skólanna sem fagmanna. Bærinn þarf hins vegar að setja sér markmið og það hlýtur að vera að í bænum sé starfandi einn sterkur skóli sem tengist skólakerfi landsins. Það á að vera skóli sem bæjarbúar bera fyllsta traust til.“

Bæjarbúar eiga þetta ekki skilið

– En þarf ekki að breyta einhverju í Tónlistarskólanum?

Jú, vitaskuld má bæta margt í Tónlistarskólanum. Það hefði átt að vera buið að færa þjónustuna út í hverfin og koma á skipulegu samstarfi við grunnskólann, svo dæmi séu nefnd.

En án þess að ég sé að leggja dóm á það hvernig komið er þá er það verkefni skólastjóra að

stjórna og hann þarf að geta tekið af skarið. En oftar er það hlutverk hans að miðla málum og finna lausnir sem allir geta sætt sig við. Þess vegna hefði eflaust verið best, í ljósi þeirrar spennu sem ríkti í kennaraliðinu, að fá mann utan skólans í starf skólastjóra. Það hefði verið vænlegt til þess að greiða úr þeim vanda og þeim átökum sem átt hafa sér stað innan Tónlistarskólans.

Það er hins vegar sannfæring mín að þeir erfiðleikar sem ríkja í tónlistarkennslu hér í bænum séu tímabundnir og að skólinn muni aftur eflast. Hvorki bæjarbúar né tónlistarfólk á það skilið að búa við ástandið eins og það er. Þessi sundrung stendur í vegi fyrir því að hér sé hægt að byggja upp gróskumikið tónlistar- og menningarstarf sem gæti orðið mótvægi við höfuðborgarsvæðið. Þetta er ekkert dramb heldur er slíkt starf mikilvægur þáttur í uppbyggingu bæjarins, það hefur mikil áhrif á aðstöðu fólks til að lifa sem fjölbreyttustu lífi,“ segir Jón Hlöðver Áskelsson. -PH